

Alþingi  
Erindi nr. P 131/124  
komudagur 18.11.2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2004

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um húsnæðismál, 220. mál, hámark láns hlutfalls.**

BSRB styður frumvarpið mjög eindregið, en gerir þær athugasemdir helstar, að viðmiðunarupphæðir íbúðalána þurfi að hækka umtalsvert frá því sem nú er. Enda þótt viðmiðunarhlutfall lánveitinga sé hækkað upp í 90% kemur það að takmörkuðu gagni ef þess er ekki jafnframt gætt að viðmiðun lánanna eigi sér stoð í raunverulegu gangverði íbúða.

Íbúðalánasjóður gegnir mjög veigamiklu félagslegu hlutverki í landinu. Þótt fagna beri lækkun vaxta í bankakerfinu almennt að undanförunu, hafa komið augljósar vísbendingar um að væru banakarnir einir um hituna yrði fljótlega mismunað í lánveitingum einkum á kostnað landsbyggðar. Þá er athyglisvert hve miklar kröfur bankarnir gera til væntanlegra lánþega sinna um önnur viðskipti við bankann. Þetta er enn ein staðfesting á nauðsyn þess að þeim sé veitt aðhald frá samfélagslegu lánakerfi.

Fari svo að verksvið Íbúðalánasjóðs yrði þrengt og hann aðeins látinn gegna félagslegu hlutverki, svo sem að sinna lánveitingum til dreifðustu byggðanna, væri þess skammt að bíða að lánveitingar til þeirra yrðu á lakari kjörum en aðrir nytu, einfaldlega vegna þess að fjármagnið sem aflað yrði til þessara lánveitinga yrði dýrara. Hér þarf að hafa í huga þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að niðurgreiða ekki vexti sjóðsins heldur skuli þeir taka mið af kjörum sem sjóðurinn aflar lánsfjármagns á hverju sinni.

Vilji menn tryggja jöfnuð í húsnæðismálum er grundvallaratriði að styrkja Íbúðalánasjóð og gera honum kleift að gegna hlutverki sínu. Forsenda þess er sem áður segir, að viðmiðunarupphæð lána verði hækkuð verulega frá því sem nú er.

BSRB vill af þessu tilefni minna á að ástandið á húsaleigumarkaði er mun verra en hjá þeim sem kaupa sér íbúðarhúsnæði. Vextir á lánum til félagslegra aðila sem reisa og reka leiguhúsnæði hafa verið stórhækkaðir á undanförunum árum og hefur það síðan skilað sér í hækkun húsaleigu. Fyrirheit um stofnstyrki til þessara aðila urðu aldrei að veruleika. Úr þessu þarf að bæta með lækkun vaxta á lánum til félagslegra aðila, stofnstyrkjum eða blöndu af þessu tvennu. Þá hefur BSRB í samþykktum sínum lagt áherslu á að stuðningur við leigjendur, einkum til þeirra sem eru á meðaltekjum og þar undir, verði aukinn verulega.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'. Below the signature, the name 'Svanhildur Halldórsdóttir' is printed in a black, sans-serif font.  
Svanhildur Halldórsdóttir